



Gerðahreppur

Alþingi
Erindi nr. P 127/1104
komudagur 11.3.2002

Melbraut 3 • 250 Garði • Sími 422 7108 • 422 7150 • Fax 422 7295 • Kt.: 570169-4329
Netfang: sigurdur@gerdahreppur.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Garði, 8.mars 2002

Ágæti viðtakandi

Á fundi hreppsnefndar Gerðahrepps þann 6.mars 2002 var tekið fyrir bréf frá Alþingi, þar sem óskað er umsagnar um þingsályktunartillögu Hjálmars Árnasonar og Sigríðar Jóhannesdóttur.


Hreppsnefnd Gerðahrepps samþykkti að mæla með samþykkt þingsályktunartillögunnar um bann við flutningi jarðfmaeldsneytis eftir Reykjanesbrautinni.

Þessi afgreiðsla tilkynnist hér með.



Gerðahreppur
Sveitarstjóri

Afrit: Hjálmar Árnason, Alþingi
Sigríður Jóhannesdóttir, Alþingi



HEILBRIGÐISEFTIRLIT SUÐURNESJA

SUÐURNES PUBLIC HEALTH AUTHORITY

Njarðvík 21.3.2002

Alþingi

Erindi nr. P 127/1466

komudagur 25.3.2002

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn um tillögur til þingsályktunar um flutning jarðefnaeldsneytis eftir Reykjanesbraut og Grindavíkurvegi (mál 232) og um aðgerðir itl að verja vatnsból sveitarfélaganna á Suðurnesjum (mál 235).

Á fundi heilbrigðisnefndar Suðurnesja þann 20. mars sl. var eftirfarandi samþykkt:

“Heilbrigðisnefnd styður markmið beggja þingsályktunartilagnanna um verndun grunnvatns á Reykjanesi. Einnig tekur nefndin undir það sjónarmið að skynsamlegast sé að beina eldsneytisflutningum sjóleiðina til Helguvíkur og Grindavíkur. Þá vill nefndin benda á að vatnsbólum að Lágum stafar einnig hættu af umferð stórra flutningabíla þar sem eldsneytisgeymar þeirra rúma mikið magn eldsneytis.”

Ofangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Magnús H. Guðjónsson
framkv.stj. HES



Hollustuvernd ríkisins

ENVIRONMENTAL AND FOOD AGENCY

OF ICELAND

Alþingi

Erindi nr. P 127/1502

komudagur 26.3.2002

Reykjavík, 25. mars 2002

HJ 0203 004/110-0

HVR020030002

Allsherjarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Varðar: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um flutning jarðefnaeldneytis eftir Reykjanesbraut og Grindavíkurvegi. Mál 232.

Við er til erindis allsherjarnefndar Alþingis dagsettu 27. febrúar s.l. þar sem nefndin óskar umsagnar Hollustuverndar ríkisins um tillögu til þingsályktunar um flutning jarðefnaeldneytis eftir Reykjanesbraut og Grindavíkurvegi.


Hollustuvernd ríkisins telur umræður um og könnun á verklagi sem snerta umhverfið og mengunarvarnir mikilvægar, en bendir á nauðsyn þess að skoða mál í samhengi og heildstætt áður en ákvörðun um aðgerðir eru teknar.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem stofnunin hefur þá er fjöldi olíubíla sem fer um Reykjanesbraut um 1% af heildarumferð og um 10% af stórum (þungum) bílum. Stofnunin telur að þegar meta á mengunarhættu og álag fyrir umhverfið verði að gera það heildstætt og í þessu tilfalli m.a. út frá tíðni og samsetningu umferðar þannig að hægt sé að taka á þeim þáttum í umferðinni sem skapa mesta mengunarhættu og álag.

Einnig bendir Hollustuvernd ríkisins á að taka verður tillit til þess að sjóflutningarnir til Grindavíkur myndu fara yfir aðal hrygningarsvæði þorsks og að innsigling til Grindavíkur getur oft verið erfið. Ekki verður heldur séð að sjóflutningar frá Helgúvík til Grindavíkur séu neitt betri kostur fyrir umhverfið en sjóflutningar frá núverandi birgðastöð í Reykjavík. Auk þess telur stofnunin að meta verði kostnað sem breytingar á flutningsleiðum myndu valda.

Með ofangreint í huga getur Hollustuvernd ríkisins ekki mælt með þingsályktunartillögunni eins og hún liggur fyrir. Stofnun telur réttara að gert verði allsherjar áhættumat þar sem allir þættir þungaflutninga eru skoðaðir með tilliti til mengunarhættu og vegaslits og ákvörðun um aðgerðir teknar þegar niðurstöður þess ásamt kostnaðarmati liggja fyrir.

Virðingarfyllst,


Helgi Jónsson
Forstöðumaður mengunarvarnarsviðs

Office address:

Ármúla 1a
108 Reykjavík

Postal address:

P.O. Box: 8080
IS-128 Reykjavík

Telephone:

+ 354-585 1000

Telefax:

+ 354-585 1010

Internet:

www.hollver.is

Kennitala:

490882-0149

Alþingi

Erindi nr. P 127/1168

komudagur 12.3.2002

Íslensk NýOrka ehf

Síðumúli 13, P.O. Box 8192, 128 Reykjavík

Sími: 588-0310 Fax: 588-0315 GSM: 863-6510 Netfang: skulason@newenergy.is

Reykjavík, 07.03.02


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um bann við flutningi jarðefnaeldsneytis eftir Reykjanesbraut og Grindavíkurvegi

Flutningur jarðefnaeldsneytis felur í sér talsverða hættu á miklum mengunarslysi of olíuflutningsbíl mundu velta við vatnsból Reyknesinga. Undirritaður telur að ef umhverfissjónarmið eigi að vera í heiðri höfð er rétt að draga úr flutningum með slíkt eldsneyti sem mest um vegi á Reykjanesi. Það er einnig undarlegt að aka með allt þotueldsneyti úr Reykjavík (það eitt felur í sér mikla mengun) til Keflavíkurflugvallar. Höfnin í Helguvík er vel til þess fallinn að taka við öllu því eldsneyti og þaðan mætti aka því eða dreifa í gegnum leiðslu til flugvallarins. Það sama gildir um annað eldsneyti.

Ég tel mikilvægt að rannsaka í þau áhrif sem olíumengunarslys mundu hafa á vatnsból Suðurnesja og út frá því ákvarða til hvaða ráðstafana þarf að grípa til að lágmarka alla áhættu.

Virðingarfyllst,


Jón Björn Skúlason
Frankvæmdastjóri

SÍÐUMÚLA 13,
108 REYKJAVÍK,
SÍMI 545 1200,
TELEFAX 545 1212,
ns@ns.is
PÓSTHÓLF 8160,
128 REYKJAVÍK.

Allsherjarnefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 127/17/17
komudagur 25.3.2002

Reykjavík 22. mars 2002


Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um bann við flutningi jarðefnaeldsneytis eftir Reykjanesbraut og Grindavíkurvegi, 232. mál.

Neytendasamtökin lýsa sig fylgjandi þessari þingsályktunartillögu og mæla eindregið með samþykkt hennar.

Eins og fram kemur hjá flutningsmönnum skapar flutningur jarðefnaeldsneytis eftir Reykjanesbraut og Grindavíkurvegi fjölmörg vandamál. Þar rís hæst óbætanlegt tjón sem getur orðið á vatnsbóli Suðurnesja komi til óhapps við þessa flitninga. Einnig má nefna óþægindi og hættur sem almennir vegfarendur verða fyrir.

Ljóst er að auðvelt er að flytja þessa vöru sjóleiðis, enda hafnir á Reykjanesi með ágætum.

Virðingarfyllst,
f.h. Neytendasamtakanna


Johannes Gunnarsson, formaður



Olíufélagið hf

Alþingi
Erindi nr. P 127/173
komudagur 22.3.2002


Reykjavík 20. mars 2002

Nefndasvið Alþingis
bt: Hildur Njarðvík
Fax 563 0430

Efni: Umsögn um "Tillögu til þingsályktunar um bann við flutningi á jarðefnaeldsneyti eftir Reykjanesbraut og Grindavíkurvegi"

Olíufélagið hefur mótttekið bréf varðandi ofangreint málefni, dagsett 27. febrúar. Olíufélagið hefur fjallað um málið, en þess skal getið að Olíudreifing ehf., annast alla flutninga á eldsneyti fyrir Olíufélagið hf. Vegna þessa, var leitað til Olíudreifingar varðandi umsögn vegna málsins, svo umfjöllunin yrði ítarlegri og gæfi raunsanna mynd af málinu. Umsögnin, sem samin er af Gesti Guðjónssyni umhverfisverkfræðingi Olíudreifingar er hér hjálögð.

Virðingarfyllt,
f.h. Olíufélagsins hf.


Magnús Asgeirsson

UMSÖGN OLÍUDREIFINGAR EHF, VARÐANDI OLÍUFLUTNINGA TIL SUÐURNESJA

Fyrir Alþingi liggja nú tvær þingsályktunartillögur er varða flutninga á olíu um Suðurnes.

Annars vegar er um að ræða þingsályktunartillögu um vatnsból sveitarfélaganna á Suðurnesjum, 235. mál og hins vegar þingsályktunartillögu um flutning jarðefnaeldsneytis eftir Reykjanesbraut og Grindavíkurveg, 232. mál.

Þar sem þessar tvær tillögur fjalla um sama málið, þ.e. hættur vegna olíuflutninga á Suðurnesjum er fjallað um þær báðar hér.

Á 125. löggjafarþingi, var lögð fram þingsályktunartillaga, þar sem lagt var til að Alþingi fæli umhverfisráðherra að láta kanna hættu sem fylgir flutningum olíu og bensíns um Reykjanesbraut, einkum með hliðsjón af slyshættu á brautinni vegna álags á slitlag en ekki síður með tilliti til mengunarhættu, svo sem á vatnsbólum sveitarfélaga á Suðurnesjum, hættu á gróðurskemmdum og útblásturs flutningabíreiða. Þeirri tillögu var vísað til umhverfslsnefndar og veitti Olíudreifing ehf. umsögn sína með bréfi dags. 14. apríl 2000 og greinargerð, dbnr 125 1595.

Helstu niðurstöður voru þær að allir þungaflutningar hafi í för með sér áhættu á að vatnsbólin að Lágum mengist vegna óhappa á 2 km kafla á veginum og að vatnsbólin í Vogum mengist vegna óhappa á 1 km kafla. Líkurnar á að eldsneytisflutningabílar lendi í óhappi eru afar litlar miðað við aðra flutninga. Aðrar flutningsleiðir með eldsneyti eru lengri og auka þar með heildarslyshættu og útblástur gróðuhúsalofttegunda. Í stað þess að banna umferð eldsneytisflutninga ætti frekar að gera ráðstafanir sem minnka verulega hættuna á að óhöpp valdi mengun og myndu þær aðgerðir ná til allrar umferðar. Tillagan var ekki afgreidd.

Síðan þá hafa komið fram upplýsingar um að Vatnsleysustrandarhreppur áformi að flytja vatnstöku fyrir Voga suður fyrir Reykjanesbrautina, eins og lagt var til í umræddri greinargerð og mun þá öll hætta á mengun þeirra vatnsbóla af völdum umferðar um Reykjanesbraut vera úr sögunni og því algerlega ástæðulaust að banna flutning á olíu eftir Reykjanesbraut.

Hvað vatnsbólin að Lágum varðar hefur Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja talið ástæðu til að miðað skuli við 5 km kafla á Grindavíkurveginum í stað þeirra 2 km sem skilgreindir voru í greinargerðinni og má telja það réttmæta varúðarráðstöfun, sérstaklega í ljósi þess að ekki liggja fyrir líkanaútreikningar eða prófanir á grunnvatnsstraumum með tilliti til dreifingar olíuefna í grunnvatni á svæðinu.

Hvað áhættu vegna flutninga á olíu eftir Grindavíkurveginum varðar, þá verður að hafa í huga að líkur á óhöppum þar sem fullstaðir olíuflutningabílar kæmu við sögu eru afar litlar, þar sem endurkomutími skiptir þúsundum ára, og þá er óvíst að óhapp hafi í för með sér olíuleka sem ylli mengun á núverandi vatnstökusvæðum. Er þá ekki tekið tillit til áhættu sem önnur umferð um Grindavíkurvegin hefur, en flutningabílar eru með allt að 400 ltr af eldsneyti í geymum sínum sem geta mengað allt að 400.000.000 ltr af neysluvatni og ljóst að líkur á slíkum atvikum eru margfalt meiri í samræmi við hlutfall þeirrar umferðar, endurkomutími talinn í tugum ára. Eins eru flutt ýmis önnur vatnsspillandi efni eftir Grindavíkurveginum sem umrætt bann myndi ekki ná til.

Hinn valkosturinn við flutninga á olíu til Grindavíkur, sjóleiðin, hefur fyrir það fyrsta mikinn kostnað í för með sér í endurbyggingu birgðastöðva, verulega kostnaðarhækkun við sjálfa flutningana, allt í allt um 260%, og ekki síður er innsiglingin til Grindavíkur stórvarasöm, jafnvel eftir nýlegar framkvæmdir og má vísa til þó nokkurra atvika þar sem skip hafa strandað í innsiglingunni.

Alvarleiki málsins er sérstaklega mikill þar sem úti fyrir Grindavík eru mikilvægar hrygningarstöðvar okkar mikilvægustu nytjastofna, enda hefur verið unnið mikið starf á vegum hins opinbera til að meta þá áhættu sem siglingar á olíu um hafsvæðið hafa í för með sér, og skipaði Samgönguráðherra nefnd á grundvelli þingsályktunar sem samþykkt var á Alþingi 16. maí 1997. Forsendur nefndarinnar voru þær að:

“Við suður- og suðvesturströnd landsins eru mikilvægar hrygningarstöðvar margra nytjastofna, t.d. þorsks, ýsu, loðnu, ufsa og síldar. Olía vegna slyss við suðurströnd landsins getur borist inn í þetta vistkerfi og strandstraumur gæti á skömmum tíma dreift olíunni langa vegalengd. Olíumengunarslys við suðurströnd landsins hefði áhrif bæði á afrakstur hrygningar og á veiðanlegan hluta stofnanna.”

Og niðurstöður hennar að:

“Nefndin er sammála um nauðsyn þess að auka verndun umhverfisins og öryggis skipa með því að huga að takmörkun umferðar skipa innan svæðisins frá Dyrhólaey suður fyrir Vestmannaeyjar að Fuglaskerjum og þaðan að Garðskaga. Alþjóðasiglingastofnunin, IMO, hefur sett fram reglur um með hvaða hætti takmarka megi umferð skipa um hafsvæði, sem t.d. hafa sérstakt líffræðilegt gildi og þar sem olíumengun hefði mjög víðtækar afleiðingar. Lagt er til að hafsvæði þetta eða hlutar þess verði lýst sem sérstakt hættusvæði, þar sem sjófarendum beri að sýna sérstaka aðgæslu. Þetta þýðir að upplýsingar um svæðið er varða siglingahættu og varnir gegn mengun verða settar inn í sjókort hvar sem þau eru gerð í heiminum og krafa verði gerð um tilkynningarskyldu við siglingu yfir svæðið og aukna þekkingu skipstjórnarmanna.”

Af ofansögðu verður því að álykta eftirfarandi

- Eftir flutning vatnsbóla Voga suður fyrir Reykjanesbrautina er mengunarhætta af allri umferð um Reykjanesbrautina engin og algerlega óþarfi að banna flutninga á olíu eftir Reykjanesbrautinni
- Flutningur á olíu sjóleiðina til Grindavíkur hefur mikla áhættu í för með sér vegna aðstæðna í innsiglingunni og verðmætin sem í húfi eru skipta þjóðarbúið svo miklu máli að aukning þeirrar áhættu getur ekki verið ásættanleg fyrir utan aukinn kostnað við flutningana.
- Aðgerðir til að draga úr líkum á hvers konar mengunaróhöppum á áhættusvæði á Grindarvíkurvegi, þmt óhöppum við olíuflutninga gefa raunverulegra öryggi og má þar nefna merkingu vatnsverndarsvæða, lökkun hámarkshraða, þétting vegkanta, uppsetningu vegriða og gerð viðbragðsáætlana.

Er því ekki hægt að sjá ástæðu til annars en að ekki fella eigi þingsályktunartillögu um bann við flutningum með olíu eftir Reykjanesbraut og Grindavíkurveg, en samþykkja eigi þingsályktunartillögu um aðgerðir til að verja vatnsból sveitarfélaganna á Suðurnesjum.



OLÍUVERZLUN
ÍSLANDS HF

Alþingi
Erindi nr. P 127/1651
komudagur 5.4.2002

Reykjavík, 4. apríl 2002

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Tillögur til þingsályktunar um verndun vatnsbóla á Suðurnesjum
mál 235 og 232

Meðfylgjandi er umsögn Gests Guðjónssonar, umhverfisverkfræðings
Olíudrefingar ehf., sem hann hefur tekið saman að okkar beiðni.

Virðingarfyllst,
Olíuverzlun Íslands hf.

Einar Benediktsson,
forstjóri



Reykjavík, 27. mars 2002

Óliuverzlun Íslands hf
Hr Einar Benediktsson, forstjóri
Sundagörðum 2
104 Reykjavík

Varðar: Þingsályktunartillögu um verndun vatnsbóla á Suðurnesjum

Vísað er til símbréfs yðar til Ólíudreifingar, þar sem félagið er beðið um umsögn um þingsályktunartillögu um verndun vatnsbóla á Suðurnesjum, sem Óliuverzlun Íslands hf hefur verið beðin um að veita umhverfisnefnd Alþingis umsögn sína um.

Í því sambandi er rétt að minna á að fyrir Alþingi liggja nú tvær þingsályktunartillögur er varða flutninga á olíu um Suðurnes.

Annars vegar er um að ræða áðurnefnda þingsályktunartillögu um vatnsból sveitarfélaganna á Suðurnesjum, 235. mál og hins vegar þingsályktunartillögu um flutning jarðefnaeldsneytis eftir Reykjanesbraut og Grindavíkurveg, 232. mál.

Þar sem þessar tvær tillögur fjalla um sama málið, þ.e. hættur vegna olíuflutninga á Suðurnesjum er fjallað um þær báðar hér.

Á 125. lögjafarþingi, var lögð fram þingsályktunartillaga, þar sem lagt var til að Alþingi fæli umhverfisráðherra að láta kanna hættu sem fylgir flutningum olíu og bensíns um Reykjanesbraut, einkum með hliðsjón af slyshættu á brautinni vegna álags á slitlag en ekki síður með tilliti til mengunarhættu, svo sem á vatnsbólum sveitarfélaga á Suðurnesjum, hættu á gróðurskemmdum og útblásturs flutninga-bifreiða. Þeirri tillögu var vísað til umhverfisnefndar og veitti Ólíudreifing ehf. umsögn sína með bréfi dags. 14. apríl 2000 og greinargerð, dbnr 125 1595.

Helstu niðurstöður voru þær að allir þungaflutningar hafi í för með sér áhættu á að vatnsbólin að Lágum mengist vegna óhappa á 2 km kafla á veginum og að vatnsbólin í Vogum mengist vegna óhappa á 1 km kafla. Líkurnar á að eldsneytisflutningabílar lendi í óhappi eru afar litlar miðað við aðra flutninga. Aðrar flutningsleiðir með eldsneyti eru lengri og auka þar með heildarslyshættu og útblástur gróðurhúsaloft-tegunda. Í stað þess að banna umferð eldsneytisflutninga ætti frekar að gera ráðstafanir sem minnka verulega hættuna á að óhöpp valdi mengun og myndu þær aðgerðir ná til allrar umferðar. Tillagan var ekki afgreidd.

Síðan þá hafa komið fram upplýsingar um að Vatnsleysustrandarhreppur áformi að flytja vatnstöku fyrir Voga suður fyrir Reykjanesbrautina, eins og lagt var til í umræddri greinargerð og mun þá öll hætta á mengun þeirra vatnsbóla af völdum umferðar um Reykjanesbraut vera úr sögunni og því algerlega ástæðulaust að banna flutning á olíu eftir Reykjanesbraut.

Hvað vatnsbólin að Lágum varðar hefur Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja talið ástæðu til að miðað skuli við 5 km kafla á Grindavíkurveginum í stað þeirra 2 km sem skilgreindir voru í greinargerðinni og má telja það réttmæta varúðarráðstöfun,

Ólíudreifing ehf

Pósthólf 4230 · 128 Reykjavík · Sími 550 9900 · Fax 550 9999

sérstaklega í ljósi þess að ekki liggja fyrir líkanaútreikningar eða prófanir á grunnvatnsstraumum með tilliti til dreifingar olíu efna í grunnvatni á svæðinu.

Hvað áhættu vegna flutninga á olíu eftir Grindavíkurveginum varðar, þá verður að hafa í huga að líkur á óhöppum þar sem fulllestaðir olíuflutningabílar kæmu við sögu eru afar litlar, þar sem endurkomutími skiptir þúsundum ára, og þá er óvíst að óhapp hafi í för með sér olíuleka sem ylli mengun á núverandi vatnstökusvæðum. Er þá ekki tekið tillit til áhættu sem önnur umferð um Grindavíkurveginn hefur, en flutningabílar eru með allt að 400 ltr af eldsneyti í geymum sínum sem geta mengað allt að 400.000.000 ltr af neysluvatni og ljóst að líkur á slíkum atvikum eru margfalt meiri í samræmi við hlutfall þeirrar umferðar, endurkomutími talinn í tugum ára. Eins eru flutt ýmis önnur vatnsspillandi efni eftir Grindavíkurveginum sem umrætt bann myndi ekki ná til.

Hinn valkosturinn við flutninga á olíu til Grindavíkur, sjóleiðin, hefur fyrir það fyrsta mikinn kostnað í för með sér í endurbyggingu birgðastöðva, verulega kostnaðarhækkun við sjálfa flutningana, allt í allt um 260%, og ekki síður er innsiglingin til Grindavíkur stórvarasöm, jafnvel eftir nýlegar framkvæmdir og má vísa til þó nokkurra atvika þar sem skip hafa strandað í innsiglingunni.

Alvarleiki málsins er sérstaklega mikill þar sem úti fyrir Grindavík eru mikilvægar hrygningarstöðvar okkar mikilvægustu nytjastofna, enda hefur verið unnið mikið starf á vegum hins opinbera til að meta þá áhættu sem siglingar á olíu um hafsvæðið hafa í för með sér, og skipaði Samgönguráðherra nefnd á grundvelli þingsályktunar sem samþykkt var á Alþingi 16. maí 1997. Forsendur nefndarinnar voru þær að:

“Við suður- og suðvesturströnd landsins eru mikilvægar hrygningarstöðvar margra nytjastofna, t.d. þorsks, ýsu, loðnu, ufsa og síldar. Olía vegna slyss við suðurströnd landsins getur borist inn í þetta vistkerfi og strandstraumur gæti á skömmum tíma dreift olíunni langa vegalengd. Olíumengunarslys við suðurströnd landsins hefði áhrif bæði á afrakstur hrygningar og á veiðanlegan hluta stofnanna.”

Og niðurstöður hennar að:


“Nefndin er sammála um nauðsyn þess að auka verndun umhverfisins og öryggis skipa með því að huga að takmörkun umferðar skipa innan svæðisins frá Dyrhólaey suður fyrir Vestmannaeyjar að Fuglaskerjum og þaðan að Garðskaga. Alþjóðasiglingastofnunin, IMO, hefur sett fram reglur um með hvaða hætti takmarka megum umferð skipa um hafsvæði, sem t.d. hafa sérstakt líffræðilegt gildi og þar sem olíumengun hefði mjög víðtækar afleiðingar. Lagt er til að hafsvæði þetta eða hlutar þess verði lýst sem sérstakt hættusvæði, þar sem sjófarendum beri að sýna sérstaka aðgæslu. Þetta þýðir að upplýsingar um svæðið er varða siglingahættu og varnir gegn mengun verða settar inn í sjókort hvar sem þau eru gerð í heiminum og krafa verði gerð um tilkynningarskyldu við siglingu yfir svæðið og aukna þekkingu skipstjórnarmanna.”

Af ofansögðu verður því að álykta eftirfarandi

- Eftir flutning vatnsbóla Voga suður fyrir Reykjanesbrautina er mengunarhætta af allri umferð um Reykjanesbrautina engin og algerlega óþarfi að banna flutninga á olíu eftir Reykjanesbrautinni
- Flutningur á olíu sjóleiðina til Grindavíkur hefur mikla áhættu í för með sér vegna aðstæðna í innsiglingunni og verðmætin sem í húfi eru skipta þjóðarbúið svo miklu máli að aukning þeirrar áhættu getur ekki verið ásættanleg fyrir utan aukinn kostnað við flutningana.
- Aðgerðir til að draga úr líkum á hvers konar mengunaráhöppum á áhættusvæði á Grindarvíkurvegi, þmt óhöppum við olíuflutninga gefa raunverulegra öryggi og má þar nefna merkingu vatnsverndarsvæða, lækkun hámarkshraða, þétting vegkanta, uppsetningu vegriða og gerð viðbragðsáætlana.


Er því ekki hægt að sjá ástæðu til annars en að ekki fella eigi þingsályktunartillögu um bann við flutningum með olíu eftir Reykjanesbraut og Grindarvíkurveg, en samþykkja beri þingsályktunartillögu um aðgerðir til að verja vatnsból sveitarfélaganna á Suðurnesjum, sem er sú þingsályktunartillaga sem hér um ræðir.

Virðingarfyllst,
f.h. Olíudreifingar ehf.



Gestur Guðjónsson
Umhverfisverkfræðingur, M.Sc.
Umhverfis- og öryggisfulltrúi

Alþingi
Erindi nr. Þ 127/1872
komudagur 12.4.2002



SAMBAND SVEITARFÉLAGA
Á SUÐURNESJUM
FITJUM - 260 NJARÐVIK
SÍMI 421-3788 - PÓSTHÓLF 56 - KT. 640479-0279
FAX: 421-3766

Suðurnesjum, 11.04.2002

Nefndadeild Alþingis
B/t Allsherjarnefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Varðar umsögn um tillögu til þingsályktunar um flutning jarðefnaeldsneytis eftir Reykjanesbraut og Grindavíkurvegi, 232. mál.

Á stjórnarfundum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum í dag þann 11. apríl var tekið fyrir erindi yðar dags. 27/2 2002 þar sem óskað var umsagnar um tillögu til þingsályktunar um flutning jarðefnaeldsneytis eftir Reykjanesbraut og Grindavíkurvegi, 232. mál.


Stjórn SSS tekur undir ályktunina og sendir jafnframt ályktun frá aðalfundi SSS sem var svohljóðandi:

“Aðalfundur SSS, haldinn í Reykjanesbæ þann 26. og 27. október 2001, skorar á þar til bær stjórnvöld að banna olíuflutninga um Reykjanesbraut og Grindavíkurveg enda unnt að koma olíunni á áfangastað sjóleiðis. Aðalfundurinn minnir á þá ógn sem vatnsbólum Suðurnesja stafar af olíuflutningunum landleiðina.”

Þetta tilkynnist yður þér með.

Virðingarfyllst,


Guðjón Guðmundsson, framkvæmdastjóri



SANDGERÐISBÆR

BÆJARSTJÓRI

TJARNARGÖTU 4 - 245 SANDGERÐI - KT. 460269-4829

SÍMI 423 7554, 423 7555 - FAX: 423 7809 - Farsími 892 7919

Netfang: sigurdur@sandgerdi.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 124/1170
komudagur 07.03.2002

Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8 -10,
150 Reykjavík.

Sandgerði, 07.03.2002.


Málefni: Flutningur á jarðefnaeldsneyti eftir Reykjanesbraut og Grindavíkurvegi.

Á 178. fundi bæjarstjórnar Sandgerðisbæjar þann 06.03.2002 var lagt fram til kynningar bréf frá allsherjarnefnd Alþingis dags. 27.02.2002 og eftirfarandi bókað.

Ekki eru gerðar athugasemdir við frumvarpið og er vísað á afgreiðslu aðalfundar S.S.S. frá 20. október 2001 og er sú samþykkt nú staðfest af bæjarstjórn.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst.


Sigurður Valur Asbjarnarson, bæjarstjóri.



Reykjavík, 8. apríl 2002

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.**Umsögn Skeljungs hf. um mál nr. 232.**

Skeljungur hf. hefur fengið til umsagnar frá allsherjarnefnd Alþingis, tillögu til þingsályktunar á þskj. 259 – 232. mál, um bann við flutningi jarðefnaeldsneytis eftir Reykjanesbraut og Grindavíkurvegi. Í greinargerð með tillögunni er bent á hversu vatnsból Suðurnesjamanna eru viðkvæm fyrir mengun á landi og umfang olíuflutninga um Reykjanesbraut. Fjallað er um slit á vegum í tengslum við þungaflutninga og að lokum er síðan bent á að miklum hafnarframkvæmdum í Grindavíkurhöfn sé að ljúka og að innsigling til Grindavíkur sé nú léttari og hættuminni en áður. Dregin er sú ályktun að það hljóti að vera skynsamlegt, með hliðsjón af hagsmunum og öryggi, að beina flutningum sjóleiðina. Að lokum er bent á að ef flutningsjöfnun vegna olíuflutninga er hindrun í þá veru, þá sé eðlilegt að breyta flutningsjöfnun þannig að hún miðist við sjóflutninga, en ekki hagstæðasta flutningsmáta eins og lög um flutningsjöfnun gera ráð fyrir.

Á 125. löggjafarþingi 1999-2000 var lögð fram tillaga til þingsályktunar á þskj. 570 – 320. mál um hættu af völdum bensín- og olíuflutninga um Reykjanesbraut. Tillagan fól í sér að umhverfisráðherra yrði falið að kanna hættu sem fylgir flutningum olíu og bensíns um Reykjanesbraut, einkum með hliðsjón af slyshættu, mengunarhættu vatnsbóla sveitarfélaga á Suðurnesjum, hættu á gróðurskemmdum og útblásturs flutningabifreiða. Skeljungur hf. gaf umsögn um það mál með bréfi dags. 10. apríl 2000 (sjá dbnr. 1528), en málið komst aldrei úr nefnd. Eins og fram kemur í þeirri umsögn, leggur Skeljungur hf. áherslu á að ávallt liggi fyrir sem nákvæmastar upplýsingar um áhrif umferðar um viðkvæm svæði. Í því ljósi er eðlilegt að hætta sem kann að fylgja eldsneytis- og vöruflutningum um Reykjanesbraut verði könnuð og áhætta sem af slíkum flutningi kann að fylgja verði metin. Slíkt mat hlýtur að teljast alger forsenda fyrir því að Alþingi taki afstöðu til takmarkana á vöruflutningum, að ekki sé talað um algert bann eins og þingsályktunartillagan sem nú er til umsagnar, gerir ráð fyrir.

Í þessu sambandi er einnig bent á að fyrir Alþingi liggur tillaga til þingsályktunar, þskj. 262 – 235. mál, um aðgerðir til að verja vatnsból á Suðurnesjum. Tillagan felur í sér að gripið verði til ráðstafana á 5 kílómetra vegakafli á Grindavíkurvegi til að verja vatnsból Suðurnesjamanna. Skeljungur hf. hefur í umsögnum á fyrri stigum lagt til aðgerðir sem huga mætti að, í þeim tilgangi að draga úr áhættu, en þær gætu ma. falist í kynningu og merkingu á áhættusvæðum sem að hluta til er komið til framkvæmda, hraða- og hugsanlega umferðartakmörkunum, að ýrtruðu kröfur verði gerðar til tækja og bílstjóra sem annast flutninga inn á svæðið og að gerð verði björgunaráætlun vegna

Skeljungur hf.

Shell einkaumboð



mengunaróhappa. Þá hefur verið bent á að síðari aðgerðir gætu orðið róttækari og kostnaðarmeiri, t.d. vegabætur. Skeljungur hf. styður því framkomna tillögu til þingsályktunar, á þingskjali 262 – 235. mál sem felur í sér aðgerðir sem draga úr líkum á óhöppum á vatnsbólasmæði að Lágum við Grindavíkurveg og telur þær til þess fallnar að auka öryggi á svæðinu, þannig að ekki þurfi að takmarka eldsneytisflutninga til Grindavíkur.

Verður nú vikið nánar að nokkrum atriðum sem fram koma í greinargerð með þingsályktunartillögunni sem hér er til umsagnar á þskj. 259 – 232. mál, sem lúta sérstaklega að flutningum um Reykjanesbraut.

Umfang eldsneytisflutninga um Reykjanesbraut.

Á grundvelli hagkvæmissjónarmiða fara allir eldsneytisflutningar til Suðurnesja um Reykjanesbraut, en eins og kunnugt er fer stór hluti olíuinnflutnings um Reykjavíkurhöfn og er dreift þaðan með landflutningum. Áætla má að umfang bensín-, gas- og svartolíuflutninga frá Reykjavík um Reykjanesbraut hafi verið um 39 þús. tonn á árinu 2001 og flutningskostnaður vegna þess numið um 22 milljónum króna skv. upplýsingum Flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara. Erfitt er að sjá að þetta breytist hvað varðar þessa flutninga, þar sem strandflutningur frá Reykjavík til Grindavíkur og Reykjanesbæjar er mun dýrari kostur en landflutningur og beinn innflutningur ekki raunhæfur í þessum tegundum, vegna þess hvað magnið er lítið. Jafnframt má benda á að almennt hefur dregið úr strandflutningum á undanförunum misserum og landflutningar aukist að sama skapi. Þetta hefur gerst þar sem kostnaður við sjóflutninga er að aukast á sama tíma og kostnaður við landflutninga fer lækkandi.

Mögulega gildir annað fyrir flugeldsneyti. Áætla má að á árinu 2001 hafi heildarsala flugeldsneytis á Keflavíkurflugvelli numið 106 þús. tonnum sem samsvarar um 3300 ferðum flutningabíla til Keflavíkurflugvallar. Hér er um umtalsvert magn að ræða og annaðist Skeljungur hf. töluverðan hluta þessara viðskipta á árinu 2001 og helgast það af því að Skeljungur hf. hefur samning um eldsneytisviðskipti við Flugleiðir hf. auk annarra félaga. Nánar er vikið að þessum flutningum og mögulegum breytingum síðar.

Umferð um Reykjanesbraut.

Í greinargerð er því haldið fram að þungaflutningar um Reykjanesbraut og Grindavíkurveg eigi drjúgan þátt í miklu vegsliti og að einn fullhlaðinn olíubíll slíti vegum á við nokkrar þúsundir fólksbifreiða og fram kemur að slit og rásir á vegum valdi óþægindum og hættu fyrir umferð. Ekki skal gert lítið úr því álagi sem fylgir umferð olíuflutningabifreiða um Reykjanesbraut. Þegar nefndar rásir eru hins vegar bornar saman við sporbreidd olíuflutningabifreiða og tengivagna þeirra kemur hins vegar í ljós að álag vegna olíuflutninga lendir utan rásanna. Rásirnar eru því með öðrum orðum fyrst og fremst afleiðing aksturs minni bifreiða um brautina, en ekki vegna olíuflutninga. Nærtækast er að tengja mikið slit á brautinni við víðtæka notkun negldra hjólbarða á fólksbílaflota landsmanna.

Skv. upplýsingum Vegagerðar ríkisins var meðalumferð um Reykjanesbraut 7463 bifreiðar á sólahring árið 2001 og hefur hún farið vaxandi undanfarin ár. Áætlað er að umferð stærri bíla nemi um 10% af þessari umferð, eða nálægt 750 bifreiðum á dag.

Skeljungur hf.

Shell einkaumboð



Skv. upplýsingum að framan um eldsneytisflutninga eftir Reykjanesbraut má áætla að umferð fulllestaðra olíuflutningabíla um Reykjanesbraut samsvari um 12 ferðum á dag að meðaltali. Þar sem 24 ferðir olíuflutningabifreiða á dag (fram og til baka) er aðeins örlítið brot af umferð um Reykjanesbrautina (7463 bifreið að meðaltali) er ljóst að sú umferð hefur aðeins óveruleg áhrif á vegslit Reykjanesbrautar. Áhrif þungaumferðar á yfirborðsslit vega eins og Reykjanesbrautar er ekki afgerandi, en hins vegar er almennt viðurkennt að þungaumferð geti haft áhrif á undirlag og þar með slitlag vega sem ekki eru byggðir niður á fast, en það á ekki við á Suðurnesjum.

Jafnframt má benda á að þegar hugmyndir um tvöföldun Reykjanesbrautar ná fram að ganga minnkar til muna slyshætta vegna umferðar og þar með mengunarhætta sem af henni getur hlotist.

Olíumannvirki í Helguvík.

Í greinargerð með þingsályktunartillögum benda flutningsmenn á góða aðstöðu sem er fyrir olíugeyma í Hegluvík og að það hljóti að vera skynsamlegt, með hliðsjón af almannahagsmunum og öryggi, að beina eldsneytisflutningum til Helguvíkur. Í þessu sambandi vill Skeljungur hf. upplýsa að félagið hefur athugað kosti þess að byggja upp eigin aðstöðu í Helguvík, sem þjónað gæti sem innflutningsbirgðastöð fyrir eftirspurn flugeldsneytis á Keflavíkurflugvelli. Niðurstaða þeirrar athugunar er sú að ekki er grundvöllur fyrir því að ráðast í svo umfangsmikla fjárfestingu, þar sem viðskipti á flugvöllinum eru til skamms tíma í senn.

Íslensk stjórnvöld hafa hins vegar haft til skoðunar tilboð varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli frá 14. maí 1999, um að bjóða aðstöðu sína í Helguvík til borgaralegra nota, þ.e. olíuhöfn ásamt olíubirgðastöð og eldsneytisafgreiðslu. Skeljungi hf. barst 9. ágúst 1999 erindi frá Varnarmálaskrifstofu Utanríkisráðuneytis þar sem kynntar voru hugmyndir um að bjóða fram aðstöðuna í Helguvík til borgaralegra nota. Skeljungur hf. hefur lýst yfir miklum áhuga á að hagnýta þessa aðstöðu til að taka á móti flugeldsneyti fyrir Keflavíkurflugvöll og átt fundi um málið með fulltrúum íslenskra og bandarískra stjórnvalda. Málið er enn til meðferðar hjá Utanríkisráðuneytinu þar sem það hefur verið til skoðunar í langan tíma, án þess að nokkuð hafi gerst. Vonast er til þess af hálfu Skeljungs að ekki dragist að fá niðurstöðu. Verði niðurstaðan jákvæð er unnt að taka olíuhöfnina og hluta olíubirgðastöðvarinnar í borgaralega notkun með litlum fyrirvara og flytja þannig umtalsverða flutninga af Reykjanesbraut frá sama tíma.

Virðingarfyllt,
SKELJUNGUR HF.

Kristinn Björnsson
forstjóri

Alþingi
Erindi nr. Þ 127/2209
komudagur 30. 5. 2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Vogum, 25. mars. 2002

VOGAR

Skrifstofa
Vatnsleysustrandarhrepps
löndal 2
190 Vogum
sími: 424 6660
fax: 424 6606
netfang:
skrifstofa@vogar.is
www.vogar.is

Staðfest endurritun úr fundargerðabók Vatnsleysustrandarhrepps.


Á fundi hreppsnefndar Vatnsleysustrandarhrepps þann 21.mars s.l.var tekin fyrir tillaga til þingsályktunar um flutning jarðefnaeldsneytis eftir Reykjanesbraut og Grindavíkurvegi..

Um erindið var eftirfarandi bókað.:

“Hreppsnefnd fagnar framlagningu tillögunnar en gerir jafnframt engar athugasemdir við hana”

Ofangreint tilkynnist hér með.

Virðingafyllst,
f.h. Vatnsleysustrandarhrepps


Heiður Huld Friðriksdóttir

